



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 14. janúar 2008

Ákvörðun nr. 3/2008

Kaup Brimborgar ehf. á Vélalandi ehf.

1.

Þann 2. nóvember 2007 barst Samkeppniseftirlitinu bréf þar sem eftirlitinu var tilkynnt um fyrirhuguð kaup Brimborgar ehf. (hér eftir Brimborg) á öllu hlutfé í Vélalandi ehf. (hér eftir Vélaland). Fram kemur í bréfinu það mat samrunaaðila að fyrirséð væri að samruninn myndi ekki hafa þær afleiðingar að markaðsráðandi staða myndi skapast eða að samkeppni myndi að öðru leyti raskast. Óskuðu samrunaaðilar því eftir undanþágu frá því að veita tilteknar upplýsingar við tilkynningu á nefndum samruna, sem samrunaaðilum er ella skylt að veita, sbr. viðauka við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 881/2005 um tilkynningu samruna, á grundvelli 7. gr. sömu reglna. Umbeðin undanþága var veitt með bréfi Samkeppniseftirlitsins dags. 12. nóvember 2007.

Með bréfi, dags. 8. desember 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um að Brimborg hefði keypt allt hlutfé í Vélalandi. Með kaupunum hafi fylgt m.a. öll viðskiptasambönd félagsins, vörumerki þess og nafn auk véla, verkfæra og tækja þess. Bréfinu fylgdi samrunaskrá sem tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna, að teknu tilliti til fyrrgreindrar undanþágu.¹ Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 1. desember 2007 og ársreikningar félaganna tveggja, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruni þessara félaga undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

2.

Aðilar samrunans eru tveir, Brimborg og Vélaland. Í tilkynningunni segir að báðir aðilar starfi á markaði fyrir bíla- og vélaviðgerðir, en Brimborg starfi þar að auki á markaði fyrir sölu nýrra og notaðara bíla og varahluta og á dekkjamarkaði.

Um aðdraganda samrunans segir í tilkynningunni að Brimborg hafi leitað tækifæra til þess að styrkja þjónustu við viðskiptavinum sína og auka afkastagetu í bílaviðgerðum. Hafi hugmyndir um að festa kaup á bílaverkstæðinu Vélalandi komið upp í þeirri vinnu vegna nálægðar Vélalands við Brimborg og sérþekkingar fyrirtækisins sem henti sérstaklega atvinnutækjasviði Brimborgar. Markmið samrunans sé því að styrkja þjónustu við viðskiptavinum Brimborgar, auka

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



afkastagetu í bílaviðgerðum og draga úr álagi á núverandi starfsstöð Brimborgar við Bíldshöfða.

Að mati samrunaaðila er sá atvinnuvegur sem samruninn nær til almennar bílaviðgerðir, vélaviðgerðir á fólksbílum, vörubílum, vinnuvélum og bátavélum og innflutningur á varahlutum fyrir fyrrnefndar viðgerðir. Brimborg hafi starfsstöðvar í Reykjavík og á Akureyri en selji varahluti og bíla um land allt. Vélaland hafi starfsstöðvar í Reykjavík en selji þjónustu til verkstæða um land allt. Sá landfræðilegi markaður sem samrunaaðilar starfa á er því að mati samrunaaðila allt landið.

Fram kemur í tilkynningunni að samrunaaðilar telji að samruninn muni hafa í för með sér bættu þjónustu og aukna samkeppni þar sem Brimborg geti styrkt rekstur Vélalands sem muni bæta hag neytenda.

3.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Að mati Samkeppniseftirlitsins mun samlegðaráhrifa samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari fyrst og fremst gæta í starfsemi félaganna við almennar bílaviðgerðir, vélaviðgerðir á fólksbílum, vörubílum, vinnuvélum og bátavélum og við innflutning á varahlutum. Athuganir Samkeppniseftirlitsins hafa ekki gefið til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Brimborgar á öllu hlutfé í Vélalandi.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 1. desember 2007, keypti Brimborg ehf. allt hlutfé í Vélalandi ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson



